

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Tilvísun: 202310102 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna verslunar og þjónustu í landi Þórustaða

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 30. október 2023, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 24. ágúst 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um verslunar- og þjónustusvæði á Hvítasandi í landi Þórustaða vegna áforma um uppbyggingu sjóbaðsaðstöðu og veitingareksturs.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

- Setja þarf skipulagsákvæði fyrir nýja bryggju og heitan pott úti í sjó m.a. varðandi lengd bryggjunnar út frá strönd en minnt er á að aðalskipulag tekur til svæðis innan netlaga sem miðast við 115 m út frá stórstraumsfjöruborði.
- Gera þarf grein fyrir lögn út í sjó til að fanga varmaorku og setja um hana skipulagsákvæði m.a. varðandi lengd, staðsetningu og hvernig henni verði komið fyrir í sjónum auk annarra ákvæða sem um hana munu gilda. Sé um að ræða fleiri en eina lögn þarf að gera grein fyrir því.
- Taka þarf afstöðu til þess hvort tillaga að breytingu á aðalskipulagi samræmist strandsvæðisskipulagi Vestfjarða þegar hún liggur fyrir m.a. hvort starfsemin samræmist skipulagsákvæðum á aðliggjandi reit í flokknum *umhverfi og náttúra* (UN10). Jafnframt þarf að gera grein fyrir legu mannvirkja innan skipulagssvæðisins og áhrifum starfseminnar á aðra nýtingu á strandsvæðinu, vatnsgæði þess og lífríki.
- Í deiliskipulagi þarf að setja skilmála um fjölda og umfang potta og/eða lauga innan svæðisins auk skilmála um önnur mannvirki og frágang á svæðinu.
- Bent er á að við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um fjarlægð mannvirkja frá sjó í gr. 5.3.2.14. Minnt er á að sækja þarf um undanþágu til innviðaráðuneytisins frá þessum ákvæðum reglugerðarinnar.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

